

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 444/1994.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Unnari Sigurði Hansen**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Áfrýjunarheimild. Frávísunarkröfu hafnað.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 4. nóvember 1994. Um áfrýjunarheimild vísar ákærði til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann lýsir yfir því, að áfrýjun sé gerð til að fá endurskoðun á niðurstöðum, sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi. Nær áfrýjun ákærða til þeirra sakaratriða, sem um er fjallað í I. kafla ákæru.

Ákærvaldið krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar að viðbættum saksóknarkostnaði fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að komi hinn áfrýjaði dómur til efnismeðferðar á grundvelli áfrýjunar dómþola, „að því er varðar sakfellingu samkvæmt I. kafla ákæru, eða endurskoðunar á refsingu er krafist staðfestingar á sakfellingu en jafnframt þvingingar á refsingu“.

Kröfur ákærða fyrir Hæstarétti eru þessar:

1. Að hafnað verði kröfu ákærvaldsins um frávísun málsins frá Hæstarétti.
2. Að ákærði verði sýknaður af I. kafla ákæru í málinu, en hljóti að öðru leyti vægstu refsingu, er lög leyfa.
3. Að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

## I.

Krafa ákærvaldsins um frávísun málsins er á því reist, að niðurstaða héraðsdómara um sakfellingu samkvæmt I. kafla ákæru ráðist einungis af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Við þær aðstæður verði dómi ekki áfrýjað samkvæmt c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991, en það sé eina heimildin til áfrýjunar, sem vísað er til af hálfu ákærða.

Ákærði mótmælir því, að niðurstöður héraðsdómara byggist einvörðungu á munnlegum framburði fyrir dómi. Hafi önnur sönnunargögn augljóslega áhrif á dómsniðurstöðuna, og vísar ákærði um það til skýrslu meðákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann hafi lýst þætti ákærða í innbrotum á Dalvík. Þessi skýrsla vegi þungt í niðurstöðum héraðsdómara. Í dómsniðurstöðum felist einnig mat á líkum fyrir því, hvort meðákærði hafi einn getað flutt peningaskáp af innbrotssstað á Dalvík og brotið hann upp fjarri vettvangi, og því síðan hafnað, að honum hafi verið það kleift. Loks leggi héraðsdómari þá staðreynd til grundvallar, að peningar, sem fengnir voru með innbrotum á Dalvík, fundust á ákærða, er hann og meðákærði voru handteknir.

Svo sem mál þetta er vaxið, verður á það fallist með ákærða, að sönnunargögn, er ákvæði c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 ná til, séu þættir í því heildarmati, sem niðurstaða héraðsdómara er reist á. Áfrýjunarheimild telst því vera fyrir hendi í nefndu ákvæði, og ber að hafna kröfu ákærvaldsins um frávísun málsins frá Hæstarétti.

## II.

Ekki er tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 varðandi sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Önnur þau sönnunargögn, sem sakfelling ákærða er reist á, gefa ekki heldur tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem í héraðsdómi felst.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm, en af hálfu ákærða hefur dómnum ekki verið áfrýjað sérstaklega til endurskoðunar á refsingu samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Unnar Sigurður Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1994.**

Ár 1994, miðvikudaginn 5. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 614/1994: Ákærvaldið gegn X og Unnari Sigurði Hansen, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. september sl., á hendur ákærðu, X [...] og Unnari Sigurði Hansen, Bröttukinn 6 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „báðum fyrir þjófnaði, ákærða X fyrir umferðarlagabrot og ákærða Unnari Sigurði fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin aðfaranótt miðvikudagsins 10. ágúst 1994, svo sem hér greinir:

I. Gegn ákærðu báðum.

1. Brotist í félagi inn í slökkvistöð Dalvíkur og áhaldahús Dalvíkurbæjar við Gunnarsbraut og stolið þaðan rörtöng, slaghamri og vasaljói.

2. Nokkru síðar brotist í félagi inn í veitingastaðinn Sæluhúsið, Hafnarstræti 14, Dalvík, og stolið þaðan vodkaflösku, um 15 vindlingapökkum, peningaskáp og samtals 235.973 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

---

III. Gegn ákærða Unnari Sigurði.

Haft í vörslum sínum, þegar lögregla kom á vettvang við Hvítanes, 0,6 g af hassi.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

IV. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Anton Júlíusson, kt. 060959-3669, Hjarðarslóð 6 e, Dalvík, skaðabóta, 85.000 króna, ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá 18. ágúst 1994“.

### *Málavextir.*

Miðvikudagsmorguninn 10. ágúst sl. klukkan 7.26 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt úr bílasíma um umferðarslys á Vesturlandsvegi vestan við Hvítanes, en þar hafði Volvo-fólksbifreiðinni GY-569 verið ekið vestur veginn, og rétt þar, sem ekið er upp að Stedja, hafði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni í hægri beygju á veginum með þeim afleiðingum, að hún hafnaði utan vegar og valt. Höfðu ökumaður og farþegi verið inni í bifreiðinni, fastir í öryggisbeltum, þegar að var komið, en bifreiðin á toppnum.

Ökumaður og farþegi voru fluttir með sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans, en ekki var talið, að þeir væru mikið slasaðir. Voru þeir báðir í annarlegu ástandi, annaðhvort sökum áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Óvíst var, hvor hefði ekið, en ekkert var að treysta á framburð þeirra sökum vímuefnaástands.

Mennirnir í bifreiðinni voru ákærðu, X og Unnar Sigurður Hansen, og voru þeir með mikið af peningum meðferðis. Í svartri og hvítri plasthandtösku, sem ákærði Unnar Sigurður hélt á og vildi ekki láta úr auglýsni, var mikið af mynt, aðallega 50 króna mynt, og kom síðar í ljós, að um var að ræða 109.821 krónu. Þá var ákærði Unnar Sigurður með svart veski með seðlabúntum í, og var um að ræða 125.200 krónur. Einnig voru í veskinu 952 krónur í mynt.

Ákærði Unnar Sigurður sagði peningana í svarta veskinu fengna að láni hjá móður sinni og systur og ættu að fara til að borga undir vörugám, sem hann ætti von á frá Danmörku. Kvað ákærði um 103.000 krónur vera í svörtu leðurtöskunni. Ákærði kvaðst ekkert vita um tilvist plasthandtöskunnar, og hefði hún verið í bifreiðinni, og teldi hann eiganda hennar vera þann, er ætti bifreiðina. Í þessari tösku voru óátekin vodkaflaska og 15 pakkar af vindlingum.

Ákærðu voru spurðir, hvort þeir hefðu fíkniefni í fórum sínum, og framvísaði ákærði Unnar Sigurður kannabis-mola, sem hann kvað sína eign. Ekki fundust við leit önnur fíkniefni í bifreiðinni, en í henni fannst reykjarpípa og kannabis-leifar í henni. Auk áðurgreindra peninga lagði lögreglan hald á í bifreiðarflakinu tvö skrúfjárn og kúbein.

Ákærðu voru fluttir í fangageymslu lögreglunnar af slysadeildinni að lokinni skoðun og töku blóðsýna.

Næsta dag könnuðu rannsóknarlögreglumenn það, sem ákærðu höfðu

haft meðferðis, og fundu þá í litlu hólfi í svarta veskinu litla miða með áprentuninni: Sæluhúsið Pizzur. Frí heimsendingarþjónusta, s. 61488, en hann er í Sæluhúsinu að Hafnarbraut 14 á Dalvík.

Haft var samband við lögreglufulltrúa frá Akureyri, sem staddur var í lögreglustöðinni á Dalvík, og upplýsti hann, að brotist hefði verið inn á þremur stöðum á Dalvík nóttina áður, og væri hann að rannsaka innbrotin, en eitt þeirra hefði verið í Sæluhúsið og þaðan verið stolið töluverðu af peningum. Kom það heim og saman við peningana, sem ákærðu voru með, en einnig var saknað peningaskáps, sem sagður var 150 kg að þyngd. Lýsing á kúbeininu reyndist eiga við kúbein, sem stolið hafði verið úr áhaldahúsi á Dalvík.

Árdegis 11. ágúst sl. voru lagðar fram í dómnum kröfur um, að ákærðu yrðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald, þar sem fyrir lægi rökstuddur grunur, að þeir ættu hlut að innbroti í áðurnefnt Sæluhús á Dalvík, en þaðan hefði verið stolið peningaskáp með umtalsverðum peningum, hurð að víngeymslu verið spennt upp ásamt þremur spilakössum Happdrættis Háskólans með u. þ. b. 100.000 krónum í 50 króna mynt. Þá hafði verið brotist inn í slökkvistöð og áhaldahús Dalvíkur og þaðan stolið verkfærum og loks gerð tilraun til þess að brjótast inn í skrifstofu og fiskverkun Blika hf. í sama bæ.

Ákærðu höfðu ekki verið yfirheyrðir hjá lögreglu, þegar þeir komu fyrir dómnum, og voru þá fyrst yfirheyrðir um málið. Neituðu þeir aðild að innbrotunum og voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald allt til 15. ágúst sl. kl. 16.

Ákærði X var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu eftir hádegi daginn, sem ákærðu voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og skýrði hann þá svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni og teldi víst, að hann hefði sofnað undir stýri, en hann rámaði í, að bifreiðin var komin út í malarkantinn, og næst mundi hann eftir sér sitjandi inni í bifreiðinni á toppnum utan vegar. Kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, en hann hefði tekið þrjár töflur af diazepam u. þ. b. hálf tíma fyrir slysið. Þá hefði hann tekið einn „smók“ úr hasspípu í bifreiðinni á leiðinni. Kvaðst ákærði ekki hafa fundið til vímuáhrifa, en hann taldi víst, að töflurnar hefðu valdið því, að hann sofnaði svo skyndilega. Ákærði taldi ákærða Unnar Sigurð eiga hasspípuna og hassmolann, en sjálfur blandaði ákærði sér í pípuna um nóttina. Sagðist ákærði lítið hafa sofið undanfarna daga vegna vímuefnaneyslu og minnið ekki áreiðanlegt. Taldi ákærði, að ákærði Unnar Sigurður hefði fengið bifreiðina lánaða hjá Erni Karlssyni, sennilega sl. þriðjudag, og hefði hann verið viðstaddur, þegar Örn afhenti bíllyklana. Hann kvað þá hafa verið að „rúnta“ um borgina um daginn og að „sukka“ með fólki, sem hann kynni engin skil á. Þá hefðu þeir farið tveir í bifreiðinni upp á Akranes einhvern

tíma aðfaranótt miðvikudagsins. Stönsuðu þeir ekkert á Akranesi og fóru aftur áleiðis til borgarinnar. Ók ákærði Unnar Sigurður allan tímann, en á leiðinni til borgarinnar var hann orðinn svo syfjaður, að hann bað ákærða að taka við akstrinum, og taldi ákærði, að það hefði verið við Ferstiklu, sem hann tók við. Ákærði neitaði að eiga aðild að innbrotunum á Dalvík og aldrei þangað komið. Taldi hann, að það, sem fannst í bifreiðinni, hefði verið í henni, þegar þeir fengu hana lánaða.

Ákærði Unnar Sigurður var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu síðdegis 12. ágúst sl., og kvaðst hann ekki muna eftir akstrinum í smáatriðum, en hann hefði ekið bifreiðinni, frá því að hann fékk hana lánaða hjá Erni Karlssyni, sennilega seint að kvöldi þriðjudagsins. Kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna, þegar hann fékk bifreiðina og á meðan hann var að aka henni, og hefði hann verið undir áhrifum fíkniefna allt frá því í maí. Kvaðst ákærði ekki muna nema mjög takmarkað, eftir að hann fékk bifreiðina, og væri hið síðasta, sem hann myndi, að hann hefði ætlað austur á Eskifjörð að heimsækja frænda sinn. Mundi ákærði eftir að hafa ekið á milli kanta, og hefði hann að lokum fengið ákærða X til að taka við akstrinum, en ekki mundi hann, hvar eða hvenær það var. Ákærði kvaðst vegna fíkniefnaneyslu ekki muna neitt eftir innbrotum á Dalvík, en sagði, að vel mætti vera, að hann hefði brotist þar inn. Ákærði kvaðst hafa átt 3.000 krónur, þegar hann fór af stað, en ekki aðra peninga. Kvað ákærði peninga þá, sem voru í veski því, er hann hafði spennt um mitti sér við handtökuna, svo og myntina í töskunni vera úr innbrotum, og væri ekki önnur skýring á þeim. Ákærði afsalaði sér þeim fíkniefnum, sem á honum fundust við handtökuna, svo og pípunni með fíkniefnaleifunum. Síðdegis 12. ágúst sl. skýrði ákærði X rannsóknarlögreglunni frá því, að peningaskápurinn væri í malarnámu skammt utan við Dalvík. Haft var samband við lögregluna á Dalvík, og fann hún skápinn á umræddum stað. Var talið, að í hann vantaði 30–40.000 krónur í tékkum.

Ákærði X var yfirheyrður að nýju 13. ágúst sl. og skýrði þá svo frá, að þeir hefðu farið úr borginni síðari hluta þriðjudagsins, og hefði ákærði Unnar Sigurður þá verið að tala um að fara á Langanes að heimsækja dóttur sína. Ók ákærði Unnar Sigurður síðan á Sauðárkrók, Skagaströnd og á Dalvík. Á leiðinni voru ákærðu að reykja hass, og einnig voru þeir með diazepam og amfetamín og því mjög ruglaðir. Ekki mundi ákærði, hvenær þeir komu á Dalvík, en það var um nóttina og lítil umferð. Óku þeir fram hjá veitingastað á Dalvík og datt í hug að brjótast þar inn, en fyrst brutust þeir inn í áhaldahús með því að spenna upp glugga, sem þeir fóru inn um. Ákærði kvaðst ekki vita til þess, að öðru hefði verið stolið þarna en rörtöng

og jafnvel slaghamri. Þeir fóru síðan á brott og óku hring í bænum og ákváðu þá að brjótast inn á veitingastaðinn, en við hann fór ákærði upp á gám og spennti upp glugga á 2. hæð með skrufjárnri og opnaði dyr niðri fyrir ákærða Unnari Sigurði. Ákærði sagði, að þeir hefðu spennt upp fjóra spíla-kassa og tekið mynt úr þeim öllum. Í eldhúsinu var mittisveski fullt af seðlum, og tóku þeir það. Þá tóku þeir eitthvað af vindlingum og eina flösku af vodka. Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa tekið peningaskáp, sem þarna var, og hafi hann tekið hann í fangið og borið út um hliðardyr og sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar, sem ákærði Unnar Sigurður hafði ekið upp að húsinu. Eftir þetta var ekið í malarnámu utan við bæinn, og þar hjálpuðust ákærðu að við að opna skápinn með kúbeini og slaghamri, og tók það ekki langan tíma. Úr skápnum tók ákærði Unnar Sigurður peninga, sem settir voru í veskið, en ekki vissi ákærði, hvort ákærði Unnar Sigurður tók eitthvað af tékkum. Hann sá hann þó með einhverja tékka, eftir að þeir fóru úr malarnámuni, en þaðan ók ákærði. Var ákærði Unnar Sigurður á meðan að gramsa eitthvað í því, sem tekið hafði verið úr skápnum, en ekki sá ákærði hann henda neinu úr bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa ekið að Varmahlíð í Skagafirði, en þaðan ók ákærði Unnar Sigurður í Hvalfjörð, þar sem ákærði tók við akstrinum að nýju einhvers staðar nálægt Ferstiklu. Voru þeir orðnir ruglaðir, þegar þarna var komið, og mundi ákærði næst eftir sér í bifreiðinni á hvolfi og hann hangandi í öryggisbeltinu. Var einhver kona að kalla á ákærða, og losaði hún hann úr beltinu. Ekki vissi ákærði, hversu miklu af peningum þeir stálu, og ekki mundi hann eftir innbrotstílaunum í Blika hf. á Dalvík.

Ákærði Unnar Sigurður var enn yfirheyrður 13. ágúst sl. og kvaðst sem áður ekkert muna eftir innbrotunum á Dalvík, en að peningarnir, sem þeir voru með, væru úr þessum innbrotum, þótt hann myndi ekkert eftir þeim.

Áðurgreindur hassmoli var rannsakaður í tæknideild rannsóknarlögregluunnar 16. ágúst sl. Gerð var fíkniefnaforprófun á molanum, og gaf hún jákvæða svörun, að um hass væri að ræða, en molinn var dökkbrúnn á lit og 0,6 g að þyngd.

Hinn 15. ágúst sl. var gerð krafa um framhald gæsluvarðhalds ákærða Unnars Sigurðar til fimmtudags 29. september sl. kl. 16. Orðið var við kröfunni, en ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 18. ágúst. Enn var gæsluvarðhald ákærða framlengt 29. september sl. og nú allt til 24. október nk.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á blóði og þvagi ákærðu eftir handtökuna kom í ljós, að þeir hefðu báðir neytt kannabis nokkru áður, en hins vegar ekki neytt áfengis.

Einum eigenda fyrirtækisins Ýlis, sem á Sæluhúsið á Dalvík, Árna Antoni Júlíussyni rekstrarstjóra, var skilað þeim 235.973 krónum, sem ákærðu höfðu í fórum sínum við handtökuna. Hann taldi, að samtals hefði verið stolið í innbrotinu 320.000 krónum, og kvaðst muna fyrir víst eftir 11 tékkum, að fjárhæð samtals 76.890 krónur. Taldi ákærði, að tjónið í peningum og tékkum næmi u. þ. b. 85–90.000 krónum, sem hann kvaðst krefjast, að hinir seku greiddu ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu við meðferð málsins.

Ákærði X kannast við að hafa brotist inn í slökkvistöð Dalvíkur og áhaldahús Dalvíkur við Gunnarsbraut og stolið þaðan rörtöng, slaghamri og vasaljósi og nokkru síðar sömu nótt brotist inn á veitingastaðinn Sæluhúsið að Hafnarstræti 14 á Dalvík og stolið þaðan vodkaflösku, um 15 vindlingapökkum, peningaskáp og samtals 235.973 krónum. Þá kannast ákærði X við að hafa sömu nótt ekið bifreiðinni GY-569 svo óvarlega við Hvítanes á Vesturlandsvegi í Hvalfirði, að bifreiðin hafnaði á hvolfi utan vegar. Segir ákærði, að ekki sé rétt með farið í síðari skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Unnar Sigurður hafi verið með sér í innbrotunum, hann hafi sofði „lyfjadauða“ í bifreiðinni. Kveðst ákærði fyrir hræðslu sakir hafa blandað ákærða Unnari Sigurði inn í málið sem vitorðsmanni, en ekki getur hann gert grein fyrir, hvað það var einstakt, sem hræddi hann.

Ákærði X þvertækur fyrir, að ákærði Unnar Sigurður hafi fengið sig til að breyta fyrri framburði í málinu, og fullyrðir, að hann hafi engum þrýstingi verið beittur af hálfu ákærða Unnars Sigurðar í þessu efni, en ákærðu voru saman um tíma í svokallaðri lausagæslu í fangelsinu í Síðumúla 28.

Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum lyfja við innbrotin, og auk þess fékk hann lyf í fangelsinu og var undir áhrifum þeirra í bæði skiptin, sem hann var yfirheyrður.

Ákærði fullyrðir, að ákærði Unnar Sigurður hafi aldrei farið út úr bifreiðinni, frá því að þeir fóru frá Reykjavík og þar til þeir lentu á hvolfi í Hvalfirði. Hann hafi hins vegar rumskað stundum. Ákærði segir, að upphaflega hafi ætlunin verið að halda til Þórshafnar á Langanesi. Það var ákærði einn, sem breytti ferðaáætluninni, og getur hann ekki útskýrt, hvers vegna hann gerði það, og ekki man hann, hvað réð því, að farið var til Dalvíkur. Upphaflega var það ákærði Unnar Sigurður, sem lagði til, að haldið yrði til Þórshafnar, þar sem hann átti börn þar.

Ákærði kveðst muna, að ákærði Unnar Sigurður tók að beiðni sinni í sínar vörslur eftir veltuna tösku með peningum, en ekki man ákærði, hver ástæðan var fyrir þessari bón.

Ákærði Unnar Sigurður kannast ekki við að hafa tekið þátt í innbrotun-

um tveimur og man ekki eftir að hafa verið á Dalvík. Kveðst hann muna síðast eftir sér, áður en hann vaknaði í bifreið á hvolfi í Hvalfirði, að hann var að „rúnta“ á sömu bifreið í Reykjavík. Kveðst hann ekki muna nokkurn skapaðan hlut á milli þessara tveggja tímapakta, en ekki kveðst hann geta vefengt, að hann hafi verið á ferð á Dalvík umrædda nótt með ákærða X. Ákærði kannast hins vegar við að hafa átt þau 0,6 g af hassi, sem fundust á honum við handtökuna um nóttina, en hassið kveðst hann hafa ætlað til eigin nota.

Ákærði Unnar Sigurður segir, að ákærði X hafi beðið sig að taka í sínar vörslur þá peninga, sem fundust á sér við handtökuna, og bar hann þessa bón upp, eftir að þeir höfðu velt bifreiðinni og á meðan þeir biðu aðstoðar.

Ákærði segir, að ekkert megi treysta skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, þar sem hann hafi verið svo illa fyrirkallaður við skýrslutökuna vegna misnotkunar á ýmsum lyfjum. Man ákærði ekki eftir, að teknar væru af honum tvær skýrslur með dags millibili, og segir hann, að það taki stundum meira en þrjá sólarhringa að fá minnið að nýju, eftir að það hefur horfið vegna ofnotkunar lyfja.

Vitnið Sveinn Kjartansson læknir, Bollagörðum 91 á Seltjarnarnesi, kveðst hafa haft afskipti af ákærðu báðum eftir komu þeirra í fangelsið í Síðumúla, en þar var vitnið afleysingalæknir. Segir vitnið, að það hafi fyrst haft afskipti af þeim 11. ágúst sl. Voru ákærðu báðir lerkaðir og lemstraðir, þegar vitnið sá þá, en báðir áttuðu sig á stað og stund og eigin persónu. Báðir voru ákærðu með einkenni fráhrarfs lyfja og/eða áfengis. Vitnið man ekki, hvort það sá ákærðu 12. og 13. ágúst sl. Vitnið telur, að ákærðu hafi báðir verið færir um að gefa skýrslur um gerðir sínar, þegar vitnið sá þá. Ákærðu voru í slíku ástandi, að því er snertir fráhrarfseinkenni, að talið var nauðsynlegt að gefa þeim lyf vegna þess. Þetta voru annars vegar krampastillandi lyf og hins vegar róandi lyf. Voru notaðar þrjár tegundir lyfja. Vitnið telur, að þessi lyf hafi engin áhrif haft á hæfileika ákærðu til að gefa skýrslur hjá lögreglu, á meðan þeir voru á þeim. Þá segir vitnið, að lyf þau, sem ákærðu sögðust hafa notað og í hve miklu magni, hefðu getað haft veruleg áhrif á dómgreind, hegðun og alla hugsun ákærðu. Getur þetta kallað fram jafnvægisleysi á geðsmunum. Vitnið telur, að fráhrarfseinkenni eins og þau, sem ákærðu sýndu, geti varað frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur.

Vitnið Sigurður Viðar Benjamínsson rannsóknarlögreglumáður, Hvassaleiti 26 í Reykjavík, man eftir að hafa yfirheyrð ákærðu báða vegna máls þessa, en man ekki, hversu oft það yfirheyrði hvorn um sig. Vitnið telur, að ákærðu hafi báðir verið færir um að gefa skýrslur í málinu, og gat vitnið

ekki merkt, að þeir væru undir áhrifum lyfja við skýrslutökurnar, og ekki hafi verið annað að heyra en ákærðu gerðu sér báðir ljósan stað og stund við yfirheyrslurnar. Þá hafi ákærði X af sjálfsdáðum í upphafi yfirheyrslu skýrt frá því, hvar peningaskápin væri að finna.

Vitnið Gísli Ingimundur Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Ægisíðu 56 í Reykjavík, þorir ekki að fara með, í hvaða ástandi ákærði X var, þegar vitnið yfirheyrði hann 11. ágúst sl., en telur, að ákærði hafi verið fær til yfirheyrslu og vitað, hverju hann var að svara, og sá vitnið ekkert athugasvert við ástand ákærða. Vitnið þorir ekki að fara með það, hvort ákærði X hafði orð á því við vitnið, að hann hefði sofið lítið undanfarna daga vegna vímuefnaneyslu, og væri minni sitt því ekki áreiðanlegt. Þrátt fyrir það að ákærði kunni að hafa sagt þetta, mat vitnið ástand ákærða með þeim hætti, að hægt væri að yfirheyrja hann.

Vitnið Ólafur Loftsson fangavörður, Eyktarási 22 í Reykjavík, man eftir því að hafa verið viðstatt yfirlestur á skýrslu eftir yfirheyrslu yfir ákærða X einu sinni og Unnari Sigurði tvívegis, þegar þeir voru yfirheyrðir vegna máls þessa. Vitnið segir, að það sé mat sitt, að þeir hafi báðir gert sér grein fyrir því í þessi skipti, hvað þeir væru að skrifa undir, og hvorugur mótmælt einu eða öðru. Vitnið treystir sér ekki til að meta, hvort ákærðu voru undir áhrifum lyfja í þessi skipti.

Sannað er með framburði ákærðu beggja, að þeir voru saman umrædda nótt í bifreiðinni GY-569, og sannað er með játningu ákærða X, að þeir komu til Dalvíkur, en því hefur ákærði Unnar Sigurður ekki mótmælt. Jafnframt er sannað með framburði ákærða X hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og öðru því, sem fram er komið og rakið var, að innbrotin tvö voru framin þessa nótt. Þýfi úr innbrotunum fannst í bifreiðinni hjá ákærðu og verkfæri, sem ætla má að hafi verið notuð við innbrotin. Ákærði X bar hjá rannsóknarlögreglu, að ákærðu hefðu báðir staðið að innbrotunum, en hefur við meðferð málsins dregið til baka, að þeir hafi verið saman, og bera ákærðu nú báðir um „lyfjadauða“ ákærða Unnars Sigurðar og að ekki séu marktækar skýrslur þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Rakinn hefur verið framburður fangelsislæknisins, fangavarðar og tveggja rannsóknarlögreglumanna um ástand ákærðu við framangreindar skýrslutökur. Kemur ekkert fram í þeim, sem gefi tilefni til að ætla, að ákærðu hafi ekki verið færir um að gefa þær skýrslur og að þeim megi treysta. Verður því síðbúnum breyttum framburði hafnað og farið eftir skýrslum ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og þá sérstaklega ákærða X þess efnis, að ákærðu hafi báðir verið í innbrotunum, enda ber að hafna skýringu ákærðu á því, hvers vegna ákærði Unnar Sigurður bar á sér hluta

þýfisins. Enn er til þess að líta, að afar ótrúlegt er, að ákærði X hafi verið einn að bisa við þungan peningaskáp. Er því sannað, þegar allt er virt, að ákærðu hafi báðir gerst sekir um innbrotspjófnaðina tvo, sem eru rétt færðir til refsíákvæðis í ákæru. Þá er sannað með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í II. og III. kafla ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

— — —

Ákærði Unnar Sigurður hlaut 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 17. maí sl., þegar ákærði hlaut 18 mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað og þjófnaðartilraun, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar 15 sinnum og samanlögð refsing numið 6 ára, 8 mánaða og 10 daga fangelsi, en inn í refsinguna samkvæmt síðastgreindum dómi voru felldar 298 daga eftirstöðvar refsingar, sem ákærði hafði fengið skilorðsbundna reynslulausn á. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvívegis verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og þrívegis fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

Refsing ákærða X verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Refsing ákærða Unnar Sigurðar verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður og lætur sér ekki segjast þrátt fyrir marga dóma. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða Unnars Sigurðar hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði X sat í gæsluvarðhaldi frá 11. ágúst sl. árdegis til 15. ágúst sl. kl. 16, en þá hóf hann að afplána eftirstöðvar fangelsisrefsingar. Ákærði Unnar Sigurður hóf vist í gæsluvarðhaldi árdegis 11. ágúst sl. og er enn í gæsluvarðhaldi við dómsuppsögu. Hann hefur því setið í gæsluvarðhaldi í 56 daga. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Bótakröfu þeirri, sem uppi er höfð í málinu, er mótmælt, en hún er vanreifðuð og ekki studd neinum gögnum, og auk þess er einungis ákært fyrir þjófnað á peningum þeirrar fjárhæðar, sem skilað var. Ber því að vísa bótakröfunni frá dóminum í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal

ákærði X greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður skal greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 85.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði X sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í 1 ár.

Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma seta þeirra í gæsluvarðhaldi, ákærða X í 5 daga og ákærða Unnars Sigurðar í 56 daga.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 85.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

---